


Menningararfur

– verndarstefna og skipulagsmál

Kjarvalsstöðum, þriðjudaginn 15. mars kl. 20.

Hvað og hvernig á að vernda og hvers vegna? Hvernig er menningararfurinn notaður, af hverjum og til hvers? Hvernig sköpum við fortíðina? Hvaða áhrif hefur verndun á framtíðina?



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir spennandi umræðufundi um menningararfinn á Kjarvalsstöðum 15. mars klukkan 20. Fundurinn er í röðinni, *Borgin, heimkynni okkar*, og er markmiðið að færa umræðu um skipulags- og umhverfismál í vítt og breitt samhengi.

Menningararfurinn

Frummælendur eru **Hjálmar Sveinsson**, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, **Sigríður Björk Jónsdóttir** byggingalistfræðingur, **Ólafur Rastrick** lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands og **Borghildur Sölvey Sturludóttir** arkitekt. Þau munu flytja örstutt erindi og ræða síðan saman um efnið. Eftir það verður opnað fyrir almennar umræður.

Allir velkomnir, kaffi á könnunni og stemning á kaffihúsinu Kjarvalsstöðum.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið